



**vís**

# Vátryggingafélag Íslands hf.

Samandreginn árshlutareikningur samstæðu  
1. janúar – 31. mars 2021

# Vátryggingafélag Íslands hf.

Samandreginn árshlutareikningur  
samstæðu

1. janúar - 31. mars 2021

## **Efnisyfirlit**

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	2-3
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	4
Efnahagsreikningur	5
Eiginfjáryfirlit	6
Sjóðstreymisyfirlit	7
Skýringar	8-13

---

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samandreginn samstæðuárshlutareikningur Vátryggingafélags Íslands hf. ("félagið" eða "VÍS") fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2021 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Aðalstarfsemi félagsins felst í vátryggingastarfsemi og fjárfestingum. Samstæðuárshlutareikningurinn hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélags þess Líftryggingafélags Íslands hf., sem vísað er til í heild sinni sem "samstæðunnar". Samstæðuárshlutareikningurinn hefur ekki verið kannaður eða endurskoðaður af endurskoðendum félagsins.

## Rekstur og fjárhagsleg staða

Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu nam hagnaður samstæðunnar á tímabilinu 1.904 milljónum króna. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir samstæðunnar 59.047 milljónum króna og bókfært eigið fé nam í lok tímabilsins 17.050 milljón króna.

Samsett hlutfall tímabilsins var 108%, tjónahlutfall var 83,9% og rekstrarkostnaðarhlutfall var 24,0%. Ávöxtun fjáreigna var jákvæð um 5,8%.

Aðalfundur félagsins var haldinn þann 19. mars. Á fundinum var ný stjórn kosin. Í aðalstjórn voru kosin Stefán Héðinn Stefánsson, stjórnarformaður, Vilhjálmur Egilsson, varaformaður stjórnar, Guðný Hansdóttir, Marta Guðrún Blöndal og Valdimar Svavarsson. Sveinn Friðrik Sveinsson og Ragnheiður Hrefna Magnúsdóttir voru kosin í varastjórn félagsins.

Félagið gaf út afkomuspá fyrir árið 2021 þann 29. janúar og gerði spáin ráð fyrir að samsett hlutfall yrði 96,8% og væntur hagnaður fyrir skatta tæplega 2,6 milljarðar króna. Afkomuspáin var uppfærð með jákvæðri afkomutilkynningu til kauphallar þann 19. apríl og gerir nú ráð fyrir að væntur hagnaður fyrir skatta árið 2021 verði um 3,8 milljarðar króna. Nú er gert ráð fyrir að samsett hlutfall verði 97-99% árið 2021. Stjórn samþykkti endurkaupa áætlun í samræmi við heimild hluthafafundar þann 4. febrúar að kaupa að hámarki 17 milljónir hluta fyrir að hámarki 250 milljónir króna. Endurkaupa áætluninni lauk þann 18. mars en þá hafði verið keyptir 16 milljónir hluta fyrir 249 milljónir króna. Þann 19. mars samþykkti stjórn félagsins nýja endurkaupa áætlun að fjárhæð 250 milljónir króna eða að hámarki 17 milljónir hluta.

## Breytt högun á upplýsingagjöf á árinu.

Félagið hefur tekið ákvörðun um að breyta tilhögun á mánaðarlegri upplýsingagjöf og hverfa frá núverandi formi afkomuspár. Upplýsingagjöf um fjárfestingaeignir í ársfjórðungsuppgjörum verður aukin en fallið verður frá mánaðarlegum tilkynningum um samsett hlutfall og ávöxtun fjáreigna. Samhliða hefur verið ákveðið að birta ekki horfur fyrir afkomu af fjárfestingarstarfsemi félagsins. Trygginga- og fjárfestingastarfsemi er í eðli sínu sveiflukennd og er það mat félagsins að aukin ársfjórðungsleg upplýsingagjöf sé hentugri leið til að upplýsa fjárfesta um stöðu félagsins frekar en mánaðarleg. Félagið hyggst gefa út horfur um samsett hlutfall hvers árs, ásamt því að tilgreina hver markmið félagsins um samsett hlutfall og arðsemi eigin fjár eru til næstu þriggja ára. Markmið félagsins er að samsetta hlutfallið verði undir 95% og arðsemi eiginfjár verði að lágmarki 15%. Farið verður yfir samsett hlutfall hvers ársfjórðungs í uppgjörum félagsins ásamt stöðu og horfum í rekstri félagsins.

Í stað þess að birta mánaðarlega upplýsingar um ávöxtun fjáreigna mun félagið birta ítarlegri upplýsingar um fjárfestingaeignir félagsins, til að mynda um stærstu óskráðu eignir félagsins. Það veitir fjárfestum betri færi á að fylgjast með ávöxtun safnsins og áhrif þess á afkomu félagsins í heild. Þannig er verið að bæta upplýsingagjöf um fjárfestingar félagsins án þess að spá fyrir um ávöxtun á markaði.

Félagið mun tilkynna ef breytingar verða á horfum ársins um samsett hlutfall, s.s. vegna stórra tjóna eða annars sem hefur umtalsverð áhrif á rekstur félagsins, svo að verðmótandi teljist fyrir hlutabréf félagsins.

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

---

## Hlutfé og ráðstöfun hagnaðar

Skráð hlutfé félagsins nam í lok tímabilsins 1.894 milljónum króna (þar af eigin bréf 16 milljónir króna), og er hver hlutur í félaginu ein króna að nafnverði. Hluthafar félagsins voru 754 í lok tímabilsins en voru 709 í ársbyrjun. Um 56% (64% 4F) hluta eru í eigu lífeyrissjóða, 16% (14% 4F) í eigu annarra lögaðila, 6% (7% 4F) í eigu banka, 8% (6% 4F) í eigu einstaklinga og 14% (9% 4F) í eigu innlendra sjóða. Tillaga stjórnar um greiðslu arðs að fjárhæð 1.597 milljónir eða 0,85 á hlut, var samþykkt á aðalfundi félagsins og greiddi félagið arð til hluthafa þann 26.mars s.l.

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að samstæðuárshlutareikningur Vátryggingafélags Íslands hf. gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar á tímabilinu 1. janúar til 31. mars 2021 og eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar þann 31. mars 2021. Jafnframt er það álit okkar að samstæðuárshlutareikningurinn geymi glögg yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar í lok tímabilsins og lýsi helstu áhættuþáttum sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri Vátryggingafélags Íslands hf. hafa í dag farið yfir samstæðuárshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2021 og staðfesta hann með undirritun sinni.

---

Reykjavík, 29. apríl 2021

### Í stjórn

Stefán Héðinn Stefánsson  
stjórnarformaður

Vilhjálmur Egilsson  
varaformaður

Marta Guðrún Blöndal

Valdimar Svavarsson

Guðný Hansdóttir

### Forstjóri

Helgi Bjarnason

## Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu fyrir tímabilið 1. janúar - 31. mars 2021

	Skýr.	3M 2021	3M 2020 *
Iðgjöld tímabilsins .....		5.520.011	5.557.576
Hluti endurtryggjenda í iðgjaldatekjum .....		(168.195)	(187.240)
<b>Eigin iðgjöld</b>	6	5.351.816	5.370.337
Vaxtatekjur .....	7	182.720	168.193
Gengismunur gjaldmiðla .....		(7.906)	332.731
Gangvirðisbreytingar fjáreigna .....	7	2.308.766	(662.979)
<b>Fjárfestingatekjur</b>		2.483.580	(162.055)
Aðrar tekjur .....		18.634	15.128
<b>Heildartekjur</b>		7.854.031	5.223.410
Tjón tímabilsins .....		(4.633.307)	(5.631.361)
Hluti endurtryggjenda í tjónum .....		164.089	54.467
<b>Eigin tjón</b>	8	(4.469.218)	(5.576.894)
Tæknilegar vaxta og gengisbreytingar váttryggingaskuldar .....		72.931	(422.587)
Rekstrarkostnaður .....		(1.429.433)	(1.374.520)
Vaxtagjöld .....		(71.836)	(53.610)
Virðisrýrnun viðskiptakrafna .....		(27.831)	(31.611)
<b>Heildargjöld</b>		(5.925.388)	(7.459.221)
<b>Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt</b>		1.928.643	(2.235.811)
Tekjuskattur .....	9	(24.485)	273.280
<b>Hagnaður (tap) og heildarafkoma tímabilsins</b>		1.904.158	(1.962.531)
<b>Hagnaður (tap) á hlut:</b>			
Hagnaður (tap) og þynntur hagnaður á hlut		1,01	(1,04)

\* Samanburðarfjárhæðum fyrir árið 2020 hefur verið breytt.

Skýringar á blaðsíðum 8-13 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningnum.

## Efnahagsreikningur 31. mars 2021

	Skýr	31.3.2021	31.12.2020
<b>Eignir</b>			
Rekstrarfjármunir .....		566.223	605.527
Viðskiptavild og aðrar óefnislegar eignir .....		1.721.013	1.670.299
Húsaleiguréttindi .....		772.200	798.274
Skatteign .....		39.241	36.417
Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur .....	10	39.614.852	38.838.589
Skuldabréf og aðrar langtímakröfur .....	10	1.444.715	1.437.894
Fjárfestingar með fjárfestingaráhættu líftryggingataka .....		1.647.551	1.621.832
Viðskiptakröfur .....		9.556.718	6.496.024
Endurtryggingaeignir .....		1.029.872	886.583
Aðrar kröfur .....		969.554	794.811
Handbært fé .....		1.685.258	1.575.825
<b>Eignir samtals</b>		<b>59.047.197</b>	<b>54.762.076</b>
<b>Eigið fé</b>			
Hlutfé .....		1.878.462	1.894.462
Lögbundinn varasjóður .....		625.620	625.620
Bundið eigið fé .....		7.426.205	5.455.207
Óráðstafað eigið fé .....		7.120.065	9.016.599
Eigið fé samtals		17.050.353	16.991.888
<b>Skuldir</b>			
Víkjandi skuldabréf .....	12	2.875.340	2.889.453
Tekjuskattsskuldbinding .....		27.309	0
Húsaleiguskuldbinding .....		808.243	831.419
Vátryggingaskuld .....	13	34.054.795	30.072.968
Líftryggingaskuld með fjárfestingaráhættu líftryggingataka .....		1.647.551	1.621.832
Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir .....		2.583.606	2.354.515
Skuldir samtals		41.996.844	37.770.188
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b>59.047.197</b>	<b>54.762.076</b>

Skýringar á blaðsíðum 8-13 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningnum.

## Eiginfjáryfirlit 1. janúar - 31. mars 2021

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Bundið eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
<b>2020</b>					
Eigið fé 1.1.2020 .....	1.894.462	625.620	2.792.537	9.881.307	15.193.926
Tap tímabilsins .....				(1.962.531)	(1.962.531)
Bundið eigið fé vegna verðbréfa .....			174.002	(174.002)	0
Eigið fé 31.3.2020 .....	<u>1.894.462</u>	<u>625.620</u>	<u>2.966.539</u>	<u>7.744.774</u>	<u>13.231.395</u>
<b>2021</b>					
Eigið fé 1.1.2021 .....	1.894.462	625.620	5.455.207	9.016.599	16.991.888
Greiddur arður 0,85 kr. á hlut .....				(1.596.693)	(1.596.693)
Keyptir eigin hlutir .....	(16.000)			(233.000)	(249.000)
Hagnaður tímabilsins .....				1.904.158	1.904.158
Bundið eigið fé vegna verðbréfa .....			1.970.998	(1.970.998)	0
Eigið fé 31.3.2021 .....	<u>1.878.462</u>	<u>625.620</u>	<u>7.426.205</u>	<u>7.120.065</u>	<u>17.050.353</u>

Skýringar á blaðsíðum 8-13 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningnum.

# Sjóðstreymisyfirlit fyrir tímabilið 1. janúar - 31. mars 2021

	Skýr.	3M 2021	3M 2020
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Heildarhagnaður (tap) tímabilsins .....		1.904.158	(1.962.531)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á handbært fé:			
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....		(102.978)	(447.315)
Gangvirðisbreyting fjáreigna .....		(2.308.766)	662.979
Afskriftir .....		176.737	143.521
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Fjáreignir, breyting .....		1.446.759	(74.565)
Skuldabréf og aðrar langtímakröfur, breyting .....		(6.821)	(69.024)
Viðskiptakröfur, breyting .....		(3.038.346)	(3.469.566)
Endurtryggingaeignir, breyting .....		(143.289)	(48.576)
Aðrar eignir, breyting .....		(174.743)	45.304
Tekjuskattsskuldbinding, breyting .....		24.485	(273.280)
Vátryggingaskuld, breyting .....		3.981.827	5.044.199
Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir, breyting .....		206.742	596.432
<b>Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta</b>		<b>1.965.766</b>	<b>147.578</b>
Innborgaðar fjármunatekjur .....		263.442	476.642
Greidd fjármagnsgjöld .....		(85.949)	(82.659)
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<b>2.143.259</b>	<b>541.561</b>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Keyptir rekstrarfjármunir .....		(1.496)	(18.578)
Keyptar óefnislegar eignir .....		(153.301)	(97.079)
		<b>(154.796)</b>	<b>(115.657)</b>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Keyptir eigin hlutir .....		(249.000)	0
Greiddur arður .....		(1.596.693)	0
Höfuðstóls afborganir húsaleiguskuldar .....		(30.453)	(28.017)
		<b>(1.876.146)</b>	<b>(28.017)</b>
Hækkun handbærs fjár .....		112.316	397.887
Handbært fé í upphafi árs .....		1.575.825	1.929.851
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé .....		(2.884)	24.283
Handbært fé í lok tímabilsins .....		<b>1.685.258</b>	<b>2.352.021</b>

Skýringar á blaðsíðum 8-13 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningnum.



# Skýringar

---

## 1. Starfsemi

Vátryggingafélag Íslands hf., hér eftir nefnt félagið, samstæðan eða VÍS, er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 100/2016 um vátryggingastarfsemi og laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Höfuðstöðvar félagsins eru í Ármúla 3, Reykjavík.

Árshlutareikningur samstæðu Vátryggingafélags Íslands hf. hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélags þess, Líftryggingafélags Íslands hf. (Lífis). Samstæðan starfar á sviði skaðatrygginga, líftrygginga og fjármála. Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi samstæðunnar á grundvelli laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

## 2. Grundvöllur reikningsskila

Samstæðuárshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Árshlutareikningurinn er jafnframt í samræmi við lög um ársreikninga. Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning hennar fyrir árið 2020.

Hægt er að nálgast ársreikninginn á vef félagsins [www.vis.is](http://www.vis.is) og á vef Kauphallar Íslands; [www.nasdaqomxnordic.com](http://www.nasdaqomxnordic.com)

Árshlutareikningurinn var samþykktur og leyfður til birtingar á stjórnarfundum þann 29. apríl 2021.

### Nýir reikningsskilastaðlar

Engir nýir reikningsstaðlar hafa verið innleiddir á árinu 2021.

Samstæðan hefur frestað upptöku IFRS 9 Fjármálagerningar til 2023 og mun taka hann upp samhliða upptöku IFRS 17 Vátryggingasamningar.

## 3. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður og birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

## 4. Reikningshaldslegt mat

Við gerð samandregins árshlutareiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Reglulega er farið yfir mat og forsendur. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Stjórnendur hafa gefið sér forsendur um og lagt reikningshaldslegt mat á eftirfarandi liði sem hafa veruleg áhrif á reikningsskil samstæðunnar:

- fjáreignir sjá skýringu nr. 10
- vátryggingaskuld sjá skýringu nr. 13

## 5. Starfsþáttagreining

Samstæðunni er skipt í þrjá rekstrarstarfsþætti: Skaðatryggingarekstur, líftryggingarekstur og fjármálarekstur samkvæmt skipulagi og innri upplýsingagjöf samstæðunnar.

Afkoma starfsþáttanna fyrir tímabilið 1. janúar - 31. mars 2021 var eftirfarandi:

	Skaðatrygginga- rekstur	Líftrygginga- rekstur	Fjármála- rekstur	Samtals
Iðgjöld tímabilsins .....	5.137.336	382.676	0	5.520.011
Hluti endurtryggienda í iðgjaldatekjum .....	(94.692)	(73.503)	0	(168.195)
Fjárfestingatekjur .....	13.930	1.201	2.468.450	2.483.580
Aðrar tekjur .....	18.634	0	0	18.634
Heildartekjur .....	5.075.208	310.373	2.468.450	7.854.031
Tjón tímabilsins .....	(4.488.056)	(145.251)	0	(4.633.307)
Hluti endurtryggienda í tjónum .....	118.749	45.339	0	164.089
Tæknilegar vaxta og gengisbreytingar váttryggingaskuldar .....	0	0	72.931	72.931
Rekstrarkostnaður .....	(1.229.873)	(91.690)	(107.870)	(1.429.433)
Vaxtagjöld .....	0	0	(71.836)	(71.836)
Virðisrýrnun viðskiptakrafna .....	0	0	(27.831)	(27.831)
Rekstrarafkoma starfsþáttar .....	(523.972)	118.771	2.333.844	1.928.643
Tekjuskattur .....				(24.485)
Hagnaður tímabilsins .....				1.904.158

Afskriftir rekstrarfjármuna og hugbúnaðar í skaðatryggingarekstri eru 122 milljónir króna og í fjármálarekstri 0,5 milljón króna. Fjárfestingar í hugbúnaði og í rekstrarfjármunum í skaðatryggingarekstri eru 155 milljónir króna.

Afkoma starfsþáttanna fyrir tímabilið 1. janúar - 31. mars 2020 var eftirfarandi: \*

	Skaðatrygginga- rekstur	Líftrygginga- rekstur	Fjármála- rekstur	Samtals
Iðgjöld tímabilsins .....	5.189.127	368.450	0	5.557.576
Hluti endurtryggienda í iðgjaldatekjum .....	(103.877)	(83.363)	0	(187.240)
Fjárfestingatekjur .....	45.456	3.674	(211.185)	(162.055)
Aðrar tekjur .....	15.128	0	0	15.128
Heildartekjur .....	5.145.834	288.760	(211.185)	5.223.410
Tjón tímabilsins .....	(5.522.889)	(108.472)	0	(5.631.361)
Hluti endurtryggienda í tjónum .....	16.872	37.596	0	54.467
Tæknilegar vaxta og gengisbreytingar váttryggingaskuldar .....	0	0	(422.587)	(422.587)
Rekstrarkostnaður .....	(1.174.411)	(93.474)	(106.635)	(1.374.520)
Vaxtagjöld .....	0	0	(53.610)	(53.610)
Virðisrýrnun viðskiptakrafna .....	0	0	(31.611)	(31.611)
Rekstrarafkoma starfsþáttar .....	(1.534.593)	124.409	(825.628)	(2.235.812)
Tekjuskattur .....				273.280
Tap tímabilsins .....				(1.962.531)

Afskriftir rekstrarfjármuna og hugbúnaðar í skaðatryggingarekstri eru 97 milljónir króna og í fjármálarekstri 0,5 milljón króna. Fjárfestingar í hugbúnaði og í rekstrarfjármunum í skaðatryggingarekstri eru 116 milljónir króna.

\* Samanburðarfjárhæðum fyrir árið 2020 hefur verið breytt.

# Skýringar

## 6. Eigin iðgjöld

	3M 2021	3M 2020 *
Bókfærð iðgjöld .....	9.595.578	9.444.771
Hluti endurtryggjenda .....	(526.981)	(564.325)
Breyting á iðgjaldaskuld .....	(4.075.567)	(3.853.209)
Breyting á hluta endurtryggjenda í iðgjaldaskuld .....	358.787	343.099
Eigin iðgjöld.....	<u>5.351.816</u>	<u>5.370.337</u>

\* Samanburðarfjárhæðum fyrir árið 2020 hefur verið breytt.

## 7. Fjárfestingatekjur

	3M 2021	3M 2020
Vaxtatekjur af bankareikningum .....	3.129	5.465
Aðrar vaxtatekjur .....	179.591	155.813
Fjármunatekjur.....	<u>182.720</u>	<u>168.193</u>
Gangvirðisbreytingar hlutabréfa .....	1.807.838	(865.365)
Gangvirðisbreytingar annarra fjáreigna .....	500.928	202.386
Gangvirðisbreytingar fjáreigna .....	<u>2.308.766</u>	<u>(662.979)</u>

Með gangvirðisbreytingu fjáreigna er talinn 89 (3M 2020: 38) milljóna króna arður af hlutabréfacign.

## 8. Eigin tjón

	3M 2021	3M 2020
Bókfærð tjón .....	4.654.116	4.896.944
Hluti endurtryggjenda .....	(471.085)	(341.059)
Breyting á tjónaskuld .....	(20.809)	734.417
Breyting á hluta endurtryggjenda í tjónaskuld .....	306.996	286.592
Eigin tjón.....	<u>4.469.218</u>	<u>5.576.894</u>

## 9. Tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í árshlutareikninginn.

### Virkt skatthlutfall:

	1. janúar - 31. mars 2021		1. janúar - 31. mars 2020	
	Fjárhæð	%	Fjárhæð	%
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt .....	1.928.643		(2.235.811)	
Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli .....	385.729	20,0%	(447.162)	20,0%
Ófrádráttarþær kostnaður .....	2	0,0%	2	0,0%
Fenginn arður .....	(17.826)	-0,9%	(7.604)	0,3%
Gangvirðisbreytingar fjáreigna .....	(343.742)	-17,8%	180.677	-8,1%
Aðrar breytingar .....	323	0,0%	807	0,0%
Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi .....	<u>24.485</u>	<u>1,3%</u>	<u>(273.280)</u>	<u>12,2%</u>

## 10. Fjárfestingaverðbréf

<b>Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur greinast þannig:</b>	31.3.2021	31.12.2020
<b>Eignarhlutar í öðrum félögum</b>		
Skráð í innlendri kauphöll .....	10.370.394	9.820.160
Skráð í erlendum kauphöllum .....	975.562	205.675
Önnur félög .....	3.194.335	3.439.476
	14.540.290	13.465.311
<b>Önnur verðbréf</b>		
Ríkistryggð, verðtryggð .....	2.766.103	844.752
Ríkistryggð, óverðtryggð .....	2.904.919	4.495.899
Önnur skuldabréf .....	8.608.201	10.124.390
Skuldabréfasjóðir .....	7.971.406	6.949.927
Fagfjárfestasjóðir .....	2.823.933	2.958.311
	25.074.562	25.373.279
Fjáreignir á gangvirði samtals .....	39.614.852	38.838.589
<b>Skuldabréf og aðrar langtímakröfur greinast þannig:</b>		
Lán með veði í fasteignum .....	1.444.715	1.437.894
Fjárfestingaverðbréf .....	41.059.567	40.276.483

## 11. Stigskipting gangvirðis

Taflan hér að neðan sýnir fjáreignir, færðar á gangvirði, flokkaðar eftir verðmatsaðferð. Matsaðferðunum er skipt í þrjú stig sem endurspeglar mikilvægi þeirra forsöðna sem lagðar eru til grundvallar við ákvörðun gangvirðis eignanna. Stigin eru eftirfarandi:

**Stig 1:** Gangvirðið byggir á skráðum verðum á virkum markaði fyrir samskonar eignir.

**Stig 2:** Gangvirðismatið byggir ekki á skráðum verðum á virkum markaði (stig 1) heldur á upplýsingum sem eru sannreynanlegar fyrir eignina, annað hvort beint (t.d. verð) eða óbeint (t.d. afleiddar af verðum). Í stigi 2 eru færðar fjáreignir þar sem ekki er virkur markaður. Matið á eignunum ákvarðast af nýlegum viðskiptum ótengdra aðila eða kaupútlöðum frá ótengdum aðilum. Einnig er stuðst við gangvirði annarra sambærilegra fjáreigna.

**Stig 3:** Gangvirðismatið byggir á mikilvægum upplýsingum öðrum en markaðsupplýsingum. Við mat á fjáreignum sem falla undir stig 3 eru notuð gögn eins og verðmat frá rekstraraðilum fjárfestinga- og fagfjárfestasjóða, söluréttur eða verðmat félagsins byggt á afkomu eða samanburði við sambærilegar fjáreignir.

### Samstæða

31. mars 2021	<b>Stig 1</b>	<b>Stig 2</b>	<b>Stig 3</b>	<b>Samtals</b>
Fjáreignir á gangvirði .....	28.897.745	2.067.551	8.649.556	39.614.852

### Samstæða

31. desember 2020	<b>Stig 1</b>	<b>Stig 2</b>	<b>Stig 3</b>	<b>Samtals</b>
Fjáreignir á gangvirði .....	28.607.208	1.883.448	8.347.933	38.838.589

### Breytingar sem falla undir stig 3 á tímabilinu eru eftirfarandi:

	3M 2021	3M 2020
Staða 1.1. ....	8.347.933	7.077.248
Keypt .....	1.017.385	442.344
Selt/afborganir .....	(946.949)	(132.325)
Flutt á stig 1 .....	0	(575.172)
Vextir, matsbreyting .....	231.187	61.381
Staða 31.3. ....	8.649.556	6.873.476

# Skýringar

## 12. Víkjandi skuldabréf

Í lok febrúar 2016 gaf félagið út víkjandi skuldabréf að nafnverði 2.500 milljónir króna. Skuldabréfin tilheyra eiginfjárfætti 2 og teljast til gjaldþols félagsins. Þau bera fasta 5,25% verðtrygðða vexti og eru til 30 ára með uppgreiðsluheimild og þrepahækkun á vöxtum upp í 6,25% 10 árum eftir útgáfu.

## 13. Vátryggingaskuld

Vátryggingaskuld er ákvörðuð sem besta mat samkvæmt ákvæðum Solvency II löggjafarinnar.

	31.3.2021	31.12.2020
<b>Vátryggingaskuld (heild):</b>		
Iðgjaldaskuld .....	11.946.566	7.866.665
Tjónaskuld .....	21.162.973	21.261.047
Áhættuálag .....	945.256	945.256
Vátryggingaskuld samtals .....	<u>34.054.795</u>	<u>30.072.968</u>
<b>Hlutdeild endurtryggjenda:</b>		
Iðgjaldaskuld .....	500.608	141.822
Tjónaskuld .....	401.909	708.905
Hlutdeild endurtryggjenda samtals .....	<u>902.517</u>	<u>850.727</u>
<b>Vátryggingaskuld í eigin hlut:</b>		
Iðgjaldaskuld .....	11.445.958	7.724.843
Tjónaskuld .....	20.761.064	20.552.142
Áhættuálag .....	945.256	945.256
Vátryggingaskuld í eigin hlut samtals .....	<u>33.152.278</u>	<u>29.222.241</u>

Tjónaskuld er reiknað besta mat félagsins samkvæmt Solvency II löggjöfinni á fjárhæð óuppgerðra tjónsatburða á uppgjörstigi sem hafa verið tilkynntir félaginu og einnig vegna tjónsatburða sem hafa átt sér stað á uppgjörstigi en ekki verið tilkynntir félaginu eða tilkynntir með ófullnægjandi hætti. Iðgjaldaskuld er mat á skuldbindingum vegna þess tímabils sem eftir er af gerðum vátryggingasamningum á uppgjörstigi.

## 14. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar, eða félög í þeirra eigu, sem hafa umtalsverð áhrif á samstæðuna, beint eða óbeint. Tengdir aðilar eru stórir hluthafar, stjórnarmenn og nefndarmenn undirnefnda stjórnar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur þeirra, sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir samstæðunni, s.s. hlutdeildarfélag. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Viðskipti við tengda aðila og stöður í efnahagsreikningi greinast þannig:

	1.1.-31.3.2021		31.3.2021	
	Tekjur	Gjöld	Eignir	Skuldir
Stjórn og lykilstarfsmenn .....	16.678	2.778	452.917	0
	1.1.-31.3.2020		31.12.2020	
	Tekjur	Gjöld	Eignir	Skuldir
Stjórn og lykilstarfsmenn .....	31.959	8.470	464.125	0

## Skýringar

### 15. Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Engir atburðir hafa orðið eftir lok reikningsskiladags sem krefjst lagfæringa eða breytinga á árshlutareikningnum.

### 16. Lykilhlutföll

	3M 2021	3M 2020 *
Tjónahlutfall .....	83,9%	101,3%
Eigið tjónahlutfall .....	83,5%	103,8%
Rekstrarkostnaðarhlutfall .....	24,0%	22,9%
Endurtrygginga kostnaðarhlutfall .....	0,0%	2,3%
Samsett hlutfall .....	108,0%	126,5%
Gjaldþolshlutfall samstæðu .....	1,45	1,46

\* Samanburðarfjárhæðum fyrir árið 2020 hefur verið breytt.

### 17. Ársfjórðungayfirlit

	1F 2021	4F 2020	3F 2020	2F 2020	1F 2020 *
Iðgjöld tímabilsins .....	5.520.011	5.562.108	5.735.362	5.640.751	5.557.575
Eigin iðgjöld .....	5.351.816	5.366.876	5.586.502	5.430.086	5.370.336
Fjárfestingatekjur .....	2.483.580	2.724.183	1.109.986	1.612.382	(162.055)
Aðrar tekjur .....	18.634	19.277	19.114	11.688	15.128
Heildartekjur .....	7.854.031	8.110.335	6.715.602	7.054.156	5.223.409
Tjón tímabilsins .....	(4.633.307)	(4.994.729)	(4.228.098)	(4.406.585)	(5.631.361)
Eigin tjón .....	(4.469.218)	(4.882.431)	(4.193.640)	(4.316.428)	(5.576.894)
Tæknilegar vaxta og gengisbr vátryggingask. ....	72.931	74.497	(83.298)	(226.671)	(422.586)
Rekstrarkostnaður .....	(1.429.433)	(1.446.786)	(1.175.550)	(1.416.754)	(1.374.520)
Virðisrýrnun viðskiptakrafna og vaxtagjöld .....	(99.667)	(152.749)	(111.251)	(97.527)	(85.221)
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatta .....	1.928.643	1.702.867	1.151.863	996.776	(2.235.811)
Tekjuskattar .....	(24.485)	109.695	(119.673)	(81.033)	273.280
Heildarhagnaður (tap) tímabilsins .....	1.904.158	1.812.561	1.032.190	915.743	(1.962.531)
Tjónahlutfall .....	83,9%	89,8%	73,7%	78,1%	101,3%
Eigið tjónahlutfall .....	83,5%	91,0%	75,1%	79,5%	103,8%
Rekstrarkostnaðarhlutfall .....	24,0%	24,0%	18,8%	23,3%	22,9%
Endurtryggingakostnaðarhlutfall .....	0,0%	1,5%	2,0%	2,1%	2,3%
Samsett hlutfall .....	<b>108,0%</b>	<b>115,3%</b>	<b>94,5%</b>	<b>103,5%</b>	<b>126,5%</b>

\* Samanburðarfjárhæðum fyrir árið 2020 hefur verið breytt.